

109

19. nóv.

S A M Þ Y K K T

um viðauka við samþykkt um leigu á lóðum bæjarsjóðs Reykjavíkur
til íbúðarhúsabygginga frá 5. nóvember 1927.

Aftan við 1. mgr. 4. gr. komi ný málsgrein svohljóðandi:

Þegar sérstaklega stendur á getur bæjarstjórnin þó gert leigusamninga um einstakar lóðir þar sem áskilin sé hærri ársleiga en 5% af fasteignamataverði lóðanna, enda samþykki ráðuneyti það, sem fer með sveitarstjórnarmál, leigumálann hverju sinni

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið samkvæmt 31. gr. tilskipunar 20. apríl 1872, staðfestist hérmeð til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. nóvember 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

110

12. des.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Framfarasjóð B. H. Bjarnasonar kaupmanns“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra, 12. desember 1935.

Skipulagsskráin er þannig:

S K I P U L A G S S K R Á

fyrir Framfarasjóð B. H. Bjarnasonar kaupmanns.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Framfarasjóður B. H. Bjarnasonar kaupmanns.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt ákvæði í erfðaskrá B. H. Bjarnasonar, kaupmanns í Reykjavík, er andaðist 17. desember 1934, með 25000 kr. af eftirlátum eigum hans.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja karla og konur af öllum stéttum, lærða og leika, sem lokið hafa prófi í gagnlegri námsgrein og taldir eru öðrum fremur